



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagurinn 12. desember 2006

Ákvörðun nr. 48/2006

Erindi félagsins Hraðra handa vegna túlkajónustu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra

I. Málavextir og málsmeðferð

1.

Þann 14. febrúar 2005 barst Samkeppnisstofnun erindi frá félaginu Hröðum höndum. Í erindinu kemur fram að félagið hafi verið stofnað árið 1998 til að sinna almennri túlkajónustu fyrir heyrnarlausra og heyrnarskerta, en sjö túlkar starfi hjá félaginu. Aðrir sem sinni þessari túlkajónustu séu ríkisstofnunin Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) sem og túlkar sem starfi á vegum grunn- og háskóla. Þá starfi einn túlkur sem verktaki.

Í erindinu segir að Hröðum höndum hafi ekki verið gefinn kostur á að sinna annarri túlkun en sk. skóla- og heilbrigðistúlkun. Sé svonefnd almenn túlkajónusta greidd af ríki og sveitarfélögum eins og skólatúlkun. Hafi fjárúthlutun vegna þessarar almennu túlkajónustu eingöngu verið ætluð SHH, þ.e. verið hluti af rekstrarfé þeirrar stofnunar. Hafi heyrnarlausir vitað að ekki hafi þýtt að óska eftir þjónustu Hraðra handa á þessum vettvangi þótt þeir gjarnan vildu velja sér túlk úr röðum félagsins. Á þessu hafi þó orðið nokkur breyting þegar menntamálaráðuneytið hafi ákveðið að úthluta fjármunum til sk. félagslegrar túlkajónustu. Hafi þá verið ákveðið að allir sem sinni túlkajónustu hefðu aðgang að þeim fjármunum.

Í erindi Hraðra handa er þess í fyrsta lagi óskað að samkeppnisyfirvöld úrskurði um hvort að rekstur SHH uppfylli ákvæði 14. gr. samkeppnislaga. Í því sambandi vísar félagið til þess að hlutverk SHH sé margþætt, þar sem samskiptamiðstöðin sinni, auk túlkajónustunarinnar, kennslu á táknmáli, ráðgjöf fyrir foreldra heyrnarlausra barna, rannsóknum á táknmáli o.s.frv. Sé túlkajónusta SHH ekki sjálfstæður kostnaðarliður í rekstri stofnunarinnar, en það hljóti að hafa áhrif þegar kostnaður við rekstur túlkajónustu sé tengdur annarri starfsemi. Jafnframt segir að gjaldskrá SHH fyrir túlkajónustu hafi verið „*stýrandi fyrir aðra aðila á markaðnum og um leið verið viðmiðun á verðlagningu á svonefndri félagslegri túlkun sem menntamálaráðuneytið greiði fyrir*“ eins og orðrétt segir í erindi félagsins. Í öðru lagi er þess óskað í erindinu að samkeppnisstaða Hraðra handa sé borin saman við stöðu SHH með tilliti til þess að SHH sé ekki gert að greiða virðisaukaskatt af seldri þjónustu til annarra en opinberra aðila. Það athugast að við meðferð málsins kom í



ljós að ekki var þörf á að fjalla um þetta með nánari hætti, sbr. tölvubréf Hraðra handa til Samkeppniseftirlitsins frá 10. janúar 2006.

Þá vísar félagið í þriðja lagi til þess að dæmi séu um að ríki, sveitarfélög og stofnanir á þeirra vegum leggi til fjármuni til þess að auka túlkabjónustu við heyrnarlausu, en þessar úthlutanir sé allar til SHH. Er sú spurning sett fram í erindinu hvort þessi háttur sé í samræmi við samkeppnislög. Í fjórða lagi vísar félagið til þess að menntamálaráðuneytið leggi til fjármuni vegna félagslegrar túlkunar, en þeir fari allir til SHH, sem hafi umsjón með þeim auk þess að sinna hinn félagslegu túlkun að hluta. Er þeirri spurningu varpað fram hvort það sé í samræmi við samkeppnislög að félagið þurfi að sækja greiðslu vegna túlkabjónustu til keppinautar síns, SHH.

2.

Með bréfum Samkeppnisstofnunar, dags. 2. mars 2005, var erindi Hraðra handa sent Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og menntamálaráðuneytinu til umsagnar. Með bréfi SHH, dags. 8. mars 2005, var Samkeppnisstofnun tilkynnt að þar sem SHH væri undirstofnun menntamálaráðuneytisins myndi ráðuneytið svara fyrir hönd beggja.

Umsögn menntamálaráðuneytisins vegna málsins barst Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 30. júní 2005. Hvað varðar þá kröfu Hraðra handa að úrskurðað verði hvort að rekstur SHH uppfylli ákvæði 14. gr. samkeppnislaga kemur m.a. fram að lög þau sem gildi um SHH séu eldri en ákvæði samkeppnislaga. Ekki verði séð að með setningu samkeppnislaga eða í tengslum við aðild Íslands að hinu evrópska efnahagsvæði hafi verið talin ástæða til að breyta lögum un stofnunarinnar. Að mati ráðuneytisins sé því unnt að draga þá almennu ályktun að lög nr. 129/1990 um SHH gangi framar ákvæðum samkeppnislaga að því er taki til framboðs og verðlagningar táknmálastúlkabjónustu. Segir að sú staðreynd að Hraðar hendur hafi frá árinu 1998 boðið upp á táknmálastúlkunarþjónustu á frjálsum markaði í samkeppni við SHH aflétti ekki þeirri lögbundnu skyldu sem hvíli á stofnuninni til að láta í té táknmálastúlkabjónustu.

Hvað varðar það sjónarmið Hraðra handa að túlkabjónusta SHH sé ekki sjálfstæður kostnaðarliður í rekstri SHH og að gjaldskrá SHH fyrir túlkabjónustu hafi verið „stýrandi“ fyrir aðra aðila á markaðnum og um leið viðmiðun á verðlagningu á svonefndri félagslegri túlkun sem menntamálaráðuneytið greiði fyrir bendir ráðuneytið á að í fjárlögum fyrir árið 2005 komi fram að SHH hafi verið ætlað að fjármagna 44,1 mkr. rekstrarkostnað með sértekjum að fjárhæð 14,9 mkr. og ríkisframlagi að fjárhæð 29,2 mkr., en sértekjur séu tilkomnar vegna útseldrar þjónustu. Haustið 2004 hafi ríkisstjórnin samþykkt að SHH fengi 2 mkr. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar vegna túlkabjónustu fyrir heyrnarlausu í daglegu lífi vegna ársins 2004 og 6 mkr. á fjárlögum árið 2005 til viðbótar við þær 4 mkr. sem voru í fjárlagafrumvarpi árið 2005 vegna táknmálastúlkunarþjónustu í daglegu lífi. Sé miðað við að árlega verði 10 mkr. varið á fjárlögum til þessarar þjónustu. Hafi reglugerð um SHH verið breytt í samræmi við þetta, þ.e. þannig að unnt sé að veita táknmálastúlkun fyrir heyrnarlausu í daglegu lífi endurgjaldslaust að því marki sem fjárveitingar leyfi á fjárlögum hverju sinni samkvæmt nánari reglum sem



stofnunin setji í samráði við Félag heyrnarlausra. Við setningu þeirra reglna skuli gæta jafnræðis milli notenda þjónustunnar með tilliti til þeirrar fjárveitingar sem veitt sé árlega á fjárlögum til táknmálstúlkunar í daglegu lífi. Samkvæmt framansögðu hafi SHH verið falið í samráði við Félag heyrnarlausra að ráðstafa sérstakri fjárveitingu á fjárlögum sem ætlað sé að mæta þörfum heyrnarlausra vegna félagslegrar þátttöku sem ekki fáist kostuð af þeim aðilum sem heyrnarlausir þurfi að eiga í samskiptum við. Segir að þar sem fjárveitingu til endurgjaldslausrar túlkabjónustu samkvæmt framansögðu sleppi beri SHH að innheimta tiltekið tímagjald fyrir útselda vinnu vegna ráðgjafar og táknmálstúlkunar, en gjaldinu sé ætlað að standa undir útlögðum kostnaði stofnunarinnar vegna þjónustunnar.

Með hliðsjón af því sem hér segir telur menntamálaráðuneytið að táknmálstúlkabjónusta SHH falli ekki undir 14. gr. samkeppnislaga. Segir að fjárhagslegur aðskilnaður milli rannsókna, kennslu, táknmálstúlkunar og annarrar þjónustu myndi koma í veg fyrir að SHH gæti rækt lögbundin hlutverk sín sem skyldi og hindrað að tilgangur laga um SHH næði fram að ganga. Að mati ráðuneytisins séu ekki skilyrði til að 14. gr. samkeppnislaga gildi um lögbundnar skyldur SHH til að veita táknmálstúlkabjónustu. Þá vísar ráðuneytið til þess að táknmálstúlkunarþjónusta sú sem SHH veiti sé ekki í eðli sínu verndaður rekstur í skilningi 14. gr. samkeppnislaga þar sem ekki sé á valdi stofnunarinnar að verðleggja þjónustu sína. Hafi SHH enga möguleika á að niðurgreiða þann hluta rekstrar stofnunarinnar sem skilgreina mætti sem samkeppnisrekstur enda sé SHH aðeins heimilt samkvæmt lögum að innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 129/1990 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Af þeim sökum myndi niðurgreiðslur engu máli skipta þótt þær væru fyrir hendi þar sem þær hefðu engin áhrif til hækkunar eða lækkunar á gjaldi fyrir þjónustu SHH. Þá segir að jafnvel þótt talið yrði að starfsemi SHH félli undir 14. gr. samkeppnislaga þá fæli gjaldskrá SHH og fjárveiting til SHH í raun í sér slíkan aðskilnað á milli verndaðrar starfsemi og starfsemi í samkeppnisrekstri, sem krafist yrði samkvæmt 14. gr. samkeppnislaga.

Um það sjónarmið Hraðra handa að styrkveitingar tiltekinna opinberra aðila séu allar til SHH vísar ráðuneytið m.a. til þess að SHH sé ríkisstofnun sem fái árlega fjárveitingar til lögbundinnar starfssemi sinnar samkvæmt fjárlögum, þ.m.t. til endurgjaldslausrar táknmálstúlkunarþjónustu. Sé SHH það í sjálfsvald sett hvort að það annist þjónustuna sjálft eða kaupir hana af öðrum aðilum. Jafnframt sé opinberum aðilum það í sjálfsvald sett að ráðstafa fjárstuðningi vegna táknmálstúlkunar í þágu heyrnarlausra, en hvorki SHH né ráðuneytið geti haft áhrif á slíkar ákvarðanir. Hvað varðar þann hluta erindis Hraðra handa að félagið þurfi að sækja greiðslu í gegnum SHH vísar ráðuneytið til þess að Alþingi hafi ákveðið með fjárlögum að fela SHH að ráðstafa fjárveitingum til endurgjaldslausrar táknmálstúlkunar í samræmi við gjaldskrá fyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskerta. Að mati ráðuneytisins sé það á valdi SHH að ákveða hvort að slík þjónusta skuli veitt af starfsmönnum stofnunarinnar eða verktökum sem starfi á því sviði.

3.



Með bréfi, dags. 22. júlí 2005, var Hröðum höndum gefinn kostur á að gera athugasemdir við umsögn menntamálaráðuneytisins. Samkeppniseftirlitinu bárust engar athugasemdir frá félaginu.

4.

Með bréfi, dags. 5. október 2005, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum frá SHH. Var þess m.a. óskað að SHH veitti upplýsingar um hvers konar táknmálsþjónusta væri í boði hjá stofnuninni, hver greiddi fyrir þjónustuna, hvort að þessar greiðslur færu í gegnum SHH og loks hver tæki ákvörðun um hvaða túlkur sinnti hvaða verkefni og eftir hvaða reglum væri farið í því sambandi. Svör SHH vegna þessara fyrirspurna bárust Samkeppniseftirlitinu með bréfi, dags. 11. október 2005.

Í tilgreindu bréfi kemur m.a. fram að túlkar SHH túlki á milli íslensku og íslensks táknmáls. Ekki séu veittar ólíkar tegundir táknmálstúlkabjónustu í mismunandi verkefnum. Auk táknmálstúlkunar veiti stofnunin snertitúlkun fyrir daufblinda. Greiðslur fyrir þá túlkun séu með sama hætti og táknmálstúlkun. Þá kemur fram að stofnun, heilsugæsla eða sveitarfélag greiði fyrir túlkabjónustu þegar þessar stofnanir panti túlkinn og boði heyrnarlausan einstakling til sín en heilbrigðisráðuneytið greiði túlkun vegna heimsóknar heyrnarlausra sjúklinga til sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Þá kemur fram að háskólar greiði fyrir túlkun í háskólum, menntamálaráðuneytið fyrir túlkun í framhaldsskólum, en sveitarfélög fyrir túlkun í grunnskólum. Sýslumannsembætti og dómssvöld greiði túlkun vegna fyrirtöku og málsmeðferðar sem færi fram á þeirra vegum. Túlkun vegna samskipta heyrnarlausra einstaklinga við einkaaðila sé hins vegar greidd af fjárheimild menntamálaráðuneytisins til SHH. Enn fremur segir að túlkabjónusta SHH sækji árlega um fé til sveitarfélaga til þess að geta veitt heyrnarlausum einstaklingum túlkun í tómsundum þeirra og til þess að sækja menningarviðburði. Einnig hafi verið sótt um styrk til Biskupsstofu vegna túlkunar við kirkjulegar athafnir. Hluti túlkunar sem veitt sé vegna þessa sé greidd af framangreindum styrkjum þegar þeir fáist. Í svari SHH kemur ennfremur fram að allar greiðslur fyrir túlkun sem pöntuð sé af SHH sem og greiðslur fyrir túlkun sem veitt sé af sjóðum stofnunarinnar fari í gegnum SHH. Deildarstjóri túlkabjónustu SHH deili út verkefnum, en við úthlutun sé m.a. litið til reynslu viðkomandi túlks, hvort að óskað hafi verið eftir tilteknum túlki, hvort að tiltekinn túlkur hafi áður sinn sama verkefni o.s.frv.

5.

Með bréfi, dags. 3. janúar 2006, var Hröðum höndum tilkynnt um lok gagnaöflunar í málinu og félaginu sendur listi yfir gögn málsins.

6.

Þann 15. mars 2006 barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá Oddgeiri Einarssyni hdl. f.h. Hraðra handa þar sem eftirlitinu var tilkynnt að nefndur lögmaður gætti hagsmuna félagsins í málinu. Í bréfinu kemur fram að efnislega sé málið einfalt, þ.e. hvað varðar þann hluta sem snúi að kröfu Hraðra handa um fjárhagslegan aðskilnað, þar sem um sé að ræða samkeppnisrekstur í beinni samkeppni við einkaaðila. Þá er það áréttað að lög nr. 129/1990 um SHH leiði ekki til þess að stofnunin þurfi ekki að



fara að fyrirmælum samkeppnislaga. Er vísað til þess að í athugasemdum með frumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 129/1990 og við meðferð frumvarpsins hafi komið fram að ástæða þess að SHH sé ætlað að veita túlkapjónustu sé skortur á slíkri þjónustu í landinu. Hins vegar komi ekki fram í lögnum að heyrnarlausir eigi rétt á slíkri þjónustu endurgjaldslaust. Segir að með lögnum hafi SHH því verið að koma inn á markað við hlið einkaaðila. Þá segir að ekki séu rök fyrir því að telja lög nr. 129/1990 ganga frammar samkeppnislögum nr. 8/1993, sbr. nú samkeppnilög nr. 44/2005, þar sem hin fyrrnefndu séu hvorki yngri lög né sérlög um táknmálstúlkunarþjónustu. Aðeins sé um það að ræða að SHH sé falið að veita slíka þjónustu í þeim lögum, en engin frekari fyrirmæli um táknmálstúlkunarþjónustu sé að finna í lögnum. Í tilgreindu bréfi kemur enn fremur fram að ljóst sé að vilji löggjafans standi til þess að SHH veiti þjónustuna við hlið einkaaðila og þar með í samkeppni við þá vegna þess skorts sem var á framboði þjónustunnar árið 1990. Eins sé ljóst að vilji löggjafans standi til þess að opinber rekstur í samkeppni við einkaaðila væri fjárhagslega aðskilinn öðrum rekstri. Það sé því ljóst að með hliðsjón af 14. gr. samkeppnislaga þurfi að skilja að fjárhagslega þann þátt í rekstri SHH sem snýr að táknmálstúlkun frá öðrum þáttum í rekstri stofnunarinnar. Í lok bréfsins er óskað eftir afriti af öllum gögnum málsins og upplýsingum um málsmeðferð, þ.m.t. um það hvaða aðilum hafi verið gefinn kostur á að tjá sig munnlega við samkeppnisyfirvöld.

Samkeppniseftirlitið sendi lögmanni málsaðila bréf, dags. 18. apríl 2006, en með bréfinu fylgdu umbeðin gögn.

II. Niðurstaða

Þann 1. júlí 2005 tóku gildi ný samkeppnislög nr. 44/2005. Með lögnum voru samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun lögð niður, en við hlutverki þeirra tók ný stofnun, Samkeppniseftirlitið. Þessar breytingar hafa ekki áhrif á meðferð máls þessa. Verður eftirleidis vísað til ákvæða hinna nýju laga.

1.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra starfar samkvæmt lögum nr. 129/1990, en lögin voru samþykkt 31. desember 1990. Er táknmálstúlkun eitt lögbundinna verkefna stofnunarinnar. Félagið Hraðar hendur var stofnað árið 1998, en eins og fram hefur komið sinnir það almennri túlkapjónustu fyrir heyrnarlausra og heyrnarskertra. Jafnframt starfa táknmálstúlkar á vegum grunn- og háskóla. Unnt er að nota táknmálstúlka hvar sem þörf er á að túlka á milli íslensku og táknmáls. Sem dæmi um algeng túlkaverkefni má nefna túlkun innan skóla og á námskeiðum, í tengslum við heilbrigðis- og félagsþjónustu, fundi og fyrirlestra, kirkjulegar athafnir, mannfagnaði o.fl. Má í raun segja að möguleikar túlkapjónustu séu miklir, enda eiga samskipti á milli manna sér stað á flestum sviðum lífsins.

2.

Eins og fram hefur komið heyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra undir menntamálaráðuneytið. Er starfi stofnunarinnar einkum ætlað að nýtast þeim



sem nota táknmál til daglegra samskipta við aðra, svo sem heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum og fjölskyldum þeirra.

Um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra gilda lög nr. 129/1990 ásamt síðari breytingum. Á grundvelli laganna hefur verið sett reglugerð nr. 1058/2003 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Þessari reglugerð var breytt með reglugerð nr. 884/2004 um breytingu á reglugerð nr. 1058/2003 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Í samræmi við tilmæli laganna hefur jafnframt verið sett gjaldskrá fyrir SHH, sbr. auglýsing nr. 882/2004.

Í 1. gr. laga um SHH kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls heyrnarlausra. Samkvæmt 2. gr. laganna er hlutverk SHH fjórþætt. Skal stofnunin í fyrsta lagi annast rannsóknir á íslensku táknmáli, í öðru lagi kennslu táknmáls, í þriðja lagi táknmálstúlkun en í fjórða lagi aðra þjónustu. Um nánari skipan þjónustunnar er fjallað í reglugerð nr. 1058/2003 um SHH, sbr. síðari breytingar. Í samræmi við það kemur m.a. fram í 2. gr. reglugerðarinnar að SHH fái við rannsóknir á táknmálssamskiptum og íslensku táknmáli og taki þátt í frekari þróun þess. Í því skyni sinni stofnunin ýmis konar prófunum, vinni að þróun greiningar- og kennsluaðferða, námsefnisgerð og hugbúnaðarþróun á því sviði, auk rannsókna og nýsköpunar á sviði túlkunar og táknmálssamskipta. Í 3. gr. reglugerðarinnar kemur fram að SHH standi fyrir táknmálskennslu fyrir einstaklinga og hópa, ásamt námsefnisgerð vegna þessa. Sé kennslunni ætlað að skapa skilyrði til máltöku fyrir börn sem fæðist heyrnarlaus eða heyrnarskert með það að markmiði að þau nái fullri málfærni í táknmáli og fullum skilningi á því. Jafnframt er kennslunni ætlað að stuðla að almennri táknmálsspekingu meðal þeirra sem nota táknmál til daglegra samskipta og aðila sem veita þeim þjónustu, þannig að samskipti þeirra verði svo auðveld og árangursrík sem kostur er. Skal stofnunin bjóða upp á námskeið í táknmáli fyrir þjónustuaðila og almenning. Í 4. gr. reglugerðarinnar er fjallað um táknmálstúlkunþjónustu, en þar segir að helstu verkefni samskiptamiðstöðvarinnar við táknmálstúlkunþjónustu séu annars vegar að veita táknmálstúlkunþjónustu gegn gjaldi eða endurgjaldslaust samkvæmt nánari ákvæðum í gjaldskrá og hins vegar að veita túlkanemum á háskólastigi verklega þjálfun samkvæmt sérstökum samningum við stofnanir sem annast menntun táknmálstúlka. Það athugast að þessu ákvæði reglugerðarinnar var breytt með reglugerð nr. 884/2004 um breytingu á reglugerð nr. 1058/2003 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, þar sem SHH gat fyrir breytingu aðeins veitt táknmálstúlkunþjónustu gegn gjaldi.¹ Samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar ber SHH að veita fræðslu og ráðgjöf til hagsmunahópa, stofnana og annarra er sinna þjónustu við þá sem nota táknmál. Skal stofnunin semja eða láta semja og miðla efni á táknmáli fyrir börn er nota táknmál og fjölskyldur þeirra annað en skyldubundið námsefni fyrir grunnskóla. Þá segir að stofnuninni sé heimilt að taka

¹ Fyrir breytingu hljóðaði ákvæðið svo: „Helstu verkefni Samskiptamiðstöðvar við táknmálstúlkunþjónustu eru annars vegar að veita táknmálstúlkunþjónustu gegn gjaldi og hins vegar að veita túlkanemum á háskólastigi verklega þjálfun samkvæmt sérstökum samningum við stofnanir sem annast menntun táknmálstúlka.“



að sér verkefni fyrir eða í samvinnu við aðra aðila á sviði námsefnisgerðar, símenntunar og fleira því tengt.

3.

Eins og að framan greinir er fjallað um hlutverk Samskiptamiðstöðar heyrnarlausra og heyrnarskertra með ítarlegum hætti í lögum og reglum settum með stoð í þeim. Er ljóst að meðal lögbundinna verkefna samskiptamiðstöðvarinnar er að annast táknmálstúlkun fyrir heyrnarlausra og heyrnarskerta, en þessi þjónusta getur verið veitt gegn gjaldi eða endurgjaldslausu, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 1058/2003 með síðari breytingum. Í samræmi við þetta hefur menntamálaráðherra sett gjaldskrá fyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Í 2. gr. gjaldskrárinnar segir:

„Fyrir ráðgjöf og túlkun skal innheimta kr. 4.550 á klst.

Samskiptamiðstöð er heimilt að veita endurgjaldslausa túlkabjónustu vegna daglegs lífs og greiða ferðakostnað táknmálstúlks utan Reykjavíkursvæðisins vegna þess, á grundvelli sérstakrar fjárveitingar á fjárlögum ár hvert og skv. nánari reglum eða viðmiðunum sem stofnunin setur í samráði við Félag heyrnarlausra. Við setningu þeirra skal gæta jafnræðis milli notenda þjónustunnar með tilliti til þeirrar fjárveitingar sem veitt er árlega á fjárlögum til táknmálstúlkunar í daglegu lífi.“

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar er SHH heimilt að veita endurgjaldslausa túlkabjónustu vegna daglegs lífs (sk. félagsleg táknmálstúlkun) á grundvelli sérstakrar fjárveitingar á fjárlögum ár hvert, en þar sem fjárveitingu til endurgjaldslausrar túlkabjónustu sleppir innheimtir SHH tímagjald, sbr. 1. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar.

5.

Í því máli sem hér er til umfjöllunar er deilt um hvort starfsemi SHH vegna túlkabjónustu fyrir heyrnarlausra í daglegu lífi brjóti í bága við samkeppnislög, en af hálfu Hraðra handa er þess krafist að samkeppnisyfírvöld mæli fyrir um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri SHH sem snýr að táknmálstúlkun vegna daglegs lífs frá öðrum þáttum í rekstri stofnunarinnar. Í 14. gr. samkeppnislaga er Samkeppniseftirlitinu heimilað að kveða á um fjárhagslegan aðskilnað innan fyrirtækja, en ákvæðið hljóðar svo:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er Samkeppniseftirlitinu heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar.“

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeim lagaramma sem gildir um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, en kveðið er á um hlutverk og



starfssvið samskiptamiðstöðvarinnar með skýrum hætti í lögum nr. 129/1990 og reglugerð nr. 1058/2003 ásamt síðari breytingum. Eins og þar kemur fram skal stofnunin m.a. annast rannsóknir á íslensku táknmáli, kennslu táknmáls og táknmálstúlkun. Leiðir af þessu að táknmálstúlkun samskiptamiðstöðvarinnar er hluti af lögbundnum verkefnum hennar. Af þessum sökum er ekki um að ræða rekstur í frjálstri samkeppni, sbr. orðalag 14. gr. samkeppnislaga. Fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að sú starfsemi sem SHH sinnir í þessum málaflokki sé á einhvern hátt yfirgripsmeiri en lög gera ráð fyrir.

Að mati Samkeppniseftirlitsins leiðir sá lagarammi sem starfssemi SHH er markaður, m.a. um skyldu SHH til táknmálstúlkunar, sem og niðurstöður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 11/1998 *Elín Sigurðardóttir gegn samkeppnisráði* og nr. 6/1996 *Grindavíkurbær gegn samkeppnisráði*, til þess að lagagrundvöll skortir fyrir töku ákvörðunar af hálfu eftirlitsins. Af þeim sökum mun Samkeppniseftirlitið ekki grípa til aðgerða í máli þessu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið mun ekki grípa til aðgerða í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson